



**Samráðsgátt**  
**Fjármála- og efnahagsráðuneytið**  
**Mál nr. 237/2022**

Reykjavík, 9. janúar 2023

**Efni: Drög að reglugerð um eignaskráningu í verðbréfamiðstöð**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að reglugerð um eignaskráningu í verðbréfamiðstöð sem birtist í samráðsgátt þann 28. nóvember 2022 en frestur til að skila umsögn rennur út í dag. SFF vilja gera eftirfarandi athugasemdir við drögin.

**15. gr. reglugerðardraganna**

Fyrst er ástæða til að gera athugasemd við 15. gr. reglugerðardraganna vegna óskýrleika þegar kemur að því hver hefur það hlutverk að skrá réttindi vegna fjárnáms, kyrrsetningar, lögbanns og fleira. Af lestri annarra greina draganna má ætla að reikningsstofnun hafi þetta hlutverk en svo markmiði með setningu reglugerðarinnar verði náð sbr. lýsingu á málinu í samráðsgátt þar að mati samtakanna að orða það sérstaklega hver hefur hvaða skyldur.

**29. gr. reglugerðardraganna**

Gildistaka reglugerðarinnar á að vera 1. mars 2023 sbr. 29. gr. reglugerðardragna. SFF telja að skoði þurfi að seinka gildistöku ef í ljós kemur að gera þurfi kerfisbreytingar vegna reglugerðarinnar sem ekki munu nást fyrir 1. mars næstkomandi.

**Heimild í 4. tl. 31. gr. laga nr. 70/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu.**

Þá vilja SFF nefna að samtökin sakna þess að sjá umfjöllun í drögunum um heimildir reikningsstofnunar til að ákvarða fyrirkomulag vegna umsýslu með rafréf og skráningar í tengslum við þau, svo sem um gjaldtöku og vegna skráningar veðréttinda sbr. 4. tl. 31. gr. laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu.

Þegar beiðni um eignarskráningu réttinda er um eignarskráningu veðréttinda yfir rafréfi þá felst í slíkri beiðni að reikningsstofnun taki að sér að vera veðvörsluaðili og umráðamaður veðs fyrir veðhafa. Því er lagt til að sett verði regla í reglugerð á grundvelli 4. tölul. 31. gr. l. 7/2020 um að reikningsstofnun verði heimilt að setja það sem skilyrði fyrir eignarskráningu veðréttinda yfir rafréfi að gert verði þríhliða samkomulag á milli reikningsstofnunar, veðhafa og veðþola vegna veðvörslunnar þar sem kveðið yrði m.a. á um réttindi og skyldur aðila vegna veðvörslunnar, skaðabótaábyrgð og gjaldtöku.

Heimildina mætti orða með eftirfarandi hætt:

*„Reikningsstofnun er heimilt að setja það sem skilyrði fyrir eignarskráningu veðréttinda yfir rafbréfi að gerður verði þríhliða samningur á milli reikningsstofnunar, veðhafa og veðþola um fyrirkomulag veðvörslu reikningsstofnunar áður en slík eignarskráning er framkvæmd. Í slíkum samningi skal a.m.k. kveðið á um réttindi og skyldur aðila vegna veðvörslunnar, skaðabótaábyrgð, og gjaldtöku.“*

SFF hafa ekki frekari athugasemdir en óska eftir frekara samtali ef þörf er á betri upplýsingum frá aðildarfélögum í tengslum við umsögn þessa.

Virðingarfyllst,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

---

*Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur*